

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjalddagi vatnsskatts, sbr. 1. mgr. 4. gr., skal á árinu 1972 vera 1. júní.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarbakkaahrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. maí 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

3. júní 1972.

Nr. 136.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 12% frá 1. júlí 1972 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkv. 19. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 96 1971, svo og greiðslna samkvæmt 73. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. grein laga nr. 67/1971.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. júní 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

3. júní 1972.

Nr. 137.

REGLUGERÐ

um greiðslur sjúkratryggðra til samlagslækna.

1. gr.

Samlagsmenn í sjúkrasamlögum skulu greiða samlagslækni sínum, eða lækni, er í hans stað kann að koma, samkvæmt samningum hlutaðeigandi samlags kr. 45.00 fyrir hvert viðtal á lækningastofu og kr. 90.00 fyrir hverja vitjun lækni til sjúklings.

Þar sem samið er um greiðslu læknishjálpar fyrir hvert unnið verk dregst þetta gjald frá umsömdu gjaldi fyrir viðtöl og vitjanir.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 43. gr. laga um almannatryggingar nr. 67/1971 til að öðlast gildi þegar í stað.

Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. júní 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.